

Auglýsingadagbók.

Viðskifti.

Munið eftir Hjúkrunardeildinni í „Paris“.

50 hestar af töðu til sölu við Eyjafjörð. Upplýsingar hjá Búnaðarfelagi Íslands.

Baldýringarefni

fæst í verslun
Jónínu Jónsdóttur
Laugaveg 33.

Tilkynningar.

Kvöldskóli Ríkarðs Jónssonar byrjar aftur 4. jan.; getur nú bætt við sig fáeinum nemendum. Kent er: teikning, málverk, útskurður. Upplýsing á Hverfisgötu 37.

Sendisvein

vantar í Matardeild Sláturfjelagsins. Upplýsingar á Lokastíg 13, kl. 3—4 í dag.

Tapað. — Fundið.

Sá sem tók frakkann á Café Rósenberg á Nýjárðagskvöld, — skili honum þangað tafarlaust; þennars verður hann sóttur.

Dansskóli

Á Nordmann & L. Möller. Fyrsta dansæfing janúarmánaðar í Hafnarfirði verður þriðjudaginn 5. janúar kl. 6 fyrir börn og kl. 8½ fyrir fullorðna. Nýir nemendur geta komist að.

Nýkomid,

fallegt úrval af kaffistellum og matarstellem, og ósköpin öll af tækifærisgjöfum við allra hæfi.

Lítið í Eimskipafjelagsgluggana í dag.

Verslun Gunnþórunnar & Co.

hækkunin meiri en hagfræðingar hafa álitid að atvinnuvegirinn gætu með jafnaði borið. En samt höfum við getað borið þessa hækkun, og það, að því er sjeð verður, án þess að nokkurt hrun hafi af hlotist. Og er orsökina eflaust sú, að gott árfæri hefir verið hjer þessi árin, og afkoman, einkum 1924, óvenjulega góð til lands og sjávar; hátt verð á aðalframleiðsluvörum landsmanna og verslunarjofnuðurinn við útlönd okkur mjög hagstæður. Auðvitað hefir ekki verið komist hjá því, að ýmsir erfiðleikar hafa orðið samfara gengishækkuninni. Var ekki hægt að búast við öðru.

Krafa aðalmálgagns Framsóknarflokksins, að krónan verði stýfð, virðist lítinn eða engan byr hafa fengið hjá þjóðinni. Stafar það eflaust af því, að þjóðin fær ekki

Arni Pjetursson
læknir
Uppsölum
Sími 1900.

Viðtalstími 10—11 og 2—3.

skilið, að þetta vandamál, gengismálið, sje leyst að fullu, þótt krónan yrði stýfð. Alt er í óvissu um það, hvað við mundi taka, ef að þessu ráði yrði horfið. Enginn getur sagt, að við gætum haldið krónunni þar sem við vildum stýfa; enginn veit um, hvert yrði verðgildi hennar að lokum. Meira að segja eru miklar líkur til þess, að ef við tækjum okkur einir út úr af þeim þjóðum, sem sátu hjá í ófriðnum mikla, og stýfðum krónuna, yrðu afleiðingarnar svo órlagaríkar fyrir okkur, að fjárhagslegt hrun myndi af hljóttast.

Eftir þeim undirteknum að dæma, sem stýfingarkrafan hefir fengið hjá þjóðinni, má sennilega líta svo á nú, að málið sje úr sögunni, því ólíklegt er, að Framsóknarflokkurinn sje eins einhuga fylgjandi stýfingu, eins og blað flokksins hefir látið í veðri vaka. En tíminn, sá óendanlegi, leiðir í ljós, hvort svo er.
Jón Kjartansson.

DAGBÓK.

I.O.O.F. — H — 107148 — I.e

Þýskur skipstjóri, Woker að að nafni, er var skipstjóri á „Mörtn“, sem strandaði austur í Meðallandi fyrir nokkrum árum, sendi þýska aðalræðismanninum hjer í þennum símskeyti á gamlárskvöld, þar sem hann óskar íslensku þjóðinni gleðilegs nýjárðs. Hefir hann ætíð munað eftir viðtökum þeim, er þeir skipbrotsmenn urðu aðnjótandi hjer og sent um hver áramót skíkt heilla-óskaskeyti.

Lagarfoss kom til Hull í gærmorgun.
Gullfoss kom til Kaupmannahafnar á nýjárðsdag.

Clementina kom, í gær til Pingeyrar með 105 tunnur lifrar. Hún veidir í salt.

Opinberað hafa trúlofun sína ungfrú Sigurborg Halldórsdóttir frá Gröf í Miklholtshreppi og Jón Brynjólfsson verslunarmaður.

Kaldalónskvöldið. Blöðin hafa getið um það, að þeir bræður, Eggert Stefánsson og Sigvaldi Kaldalóns, ætluðu að stofna til söngskemtunar á þriðjudagskvöld, þar sem Eggert syngi eingöngu lög eftir Kaldalóns og tónskáldið spilaði sjálft undir. Lög þau, sem Eggert ætlar að syngja, eru m. a. þessi: Alfaðir ræður. Brúna-ljós þín blíðu. Betlikerlingin. — Klukknahljóð og Til naturinnar. — Vafalaust verður þessi söngskemtun vel sótt, svo mikið sem mönnum þótti koma til Kaldalónskvöldsins, er þeir bræður hjeldu fyrir nokkrum árum.

Samkomuhús, stórt og vandað, hefir verið reist á Akureyri undan farið ár. Eiga það í sameiningu

stúkurnar og Ungmennafjelögin á Akureyri. Húsið var vígt á nýjárðsdag með mikilli viðhöfn, og flutti Brynleifur Tobiasson stórttemplar vígsluræðuna.

Norskur konsull hefir Einar Gunnarsson kaupm. á Akureyri verið skipaður þar. Áður var norskur konsull þar Oddur Thorarensen lyfsali (yngri).

Tíðarfarið nyrðra. Frá Akureyri var símað í gær, að stórhrið hefði verið víðast á Norðurlandi fyrir og yfir jólin. En nú kvað vera þar brugðið til betri tíðar aftur.

Nýr læknir hefir bæst í hóp lækna bæjarins. Er það Arni Pjetursson. Hefir hann opnað lækn-ingastofu í Uppsölum, gengið inn frá Túngötu. Arni hefir dvalið um langt skeið undanfarið bæði í Danmörku og Þýskalandi, til þess að fullkomna sig enn betur í læknislistinni, og hefir hann gert kvensjúkdóma að sjerfræðigrein sinni.

Knattspyrnufjel. Reykjavíkur. Fimleikaæfingar fjelagsins hefjast nú aftur eftir nýjáríð með fullum krafti, að því er stjórnn þess hefir sagt Mbl. Byrjar fyrsta æfinginn annað kvöld á venjulegum tíma.

Af veiðum hafa komið nýlega Belgaum og Karlsefni. Belgaum kom með 1600 kassa, og fór með aflann til Englands á nýjárðsdag.

Morgunblaðið er 8 síður í dag, auk Lesbókar, sem er 8 síður.

Nýi sáttmáli. Svo heitir ritlingur, sem er nýkominn út eftir Sigurð Þórðarson, fyrv. sýslumann frá Arnarholti. Hann tekur til meðferðar stjórnmálaástandið í landinu nú og áður fyr. Mun hans verða minst nánar hjer í blaðinu.

Íslenskukunnátta dr. Prince. — Það mun hafa verið árið 1922, eða seint á árinu 1921, að dr. Prince varð sendiherra í Danmörku. Hann er málamaður með afbrigðum. Áður var hann prófessur við Columbia-háskólann. Þegar til Danmerkur kom kunnir hann sansku. Byrjaði hann fljótlega á að lesa íslensku.

Fyrsti Íslendingurinn, sem hann kyntist, var Sveinn Björnsson, fyrv. sendiherra. En Kristinn Ármannsson las með honum íslensku um tveggja ára skeið, árin 1922 og '23.

Sigurður Birks heldur hlómleika í dag í Nýja Bíó. Reykvik-ingar mættu vera þakklátir Birks fyrir viðleitni hans í því að auðga hlómlistarlíf bæjarins.

Í dag eru dúettur úr óperum á söngskrá hans og eru þeir sjálfstæður útdráttur úr nokkrum þektustu óperum, sem nú eru sungnar um víða veröld. Söngskrána hefi jeg sjeð, og er tekstinn á dönsku með svo góðum skýringum, að allir hljóta að skilja og háfa gagn af.

Auk þess má taka það fram, að ágætir söngkraftar aðstoða Birks, og þá er flygelinu vel borgið í höndum Páls Ísólfssonar.
P.

Pingmálafundur verður haldinn í dag að Bjarnastöðum á Álftanesi, — annar á Vatnsleysuströndinni á morgun — sbr. augl. hjer í blaðinu.

Þjóðleikhússjóðurinn. Eftir því sem Indriði Einarsson hefir sagt

Nú geta allir

eignast góðan sjálfblekung. Ágætir sjálffyllandi sjálfblekungar á einar 10 krónur komnir aftur.

Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar.

Landsmálafundi.

Við undirritaðir höldum landsmálafundi: Sunnudaginn 3. þ. m. kl. 4 e. h. á Bjarnastöðum á Álftanesi.

Mánudaginn 4. þ. m. kl. 2 e. h. á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd.

Þriðjudaginn 5. þ. m. kl. 3 e. h. í Grindavík.

Miðvikudaginn 6. þ. m. kl. 2 e. h. á Brúarlandi í Mosfellsveit.

Reykjavík, 2. janúar 1926.

Olafur Thors. Haraldur Guðmundsson.

Mbl. voru um áramótin komin 97 þúsund krónur í Þjóðleikhússjóðinn. Árið 1924 voru tekjur hans um 40 þús., en þær hafa reynst þetta meiri árið sem leið. Það sýnir góðærið. Verða tekjur sjóðsins framvegis dágóður mælikvarði á árferði alment, því á þeim sjest árferði alment, — hve miklu fje hefir verið varið til skemtana ár hvert.

Samskotin til fólksins í Sviðningi eru nú orðin kr. 986.50.

Franz Siemsen
sýslumaður.

Hann hjet öllu nafni Franz Edvard Siemsen og var fæddur í



Reykjavík 15. október 1855. Forældrar hans voru Edvard Siemsen kaupmaður, þýskur að ætt, og kona hans Sigríður Þorsteinsdóttir löggæslumanns í Reykjavík Bjarnasonar. Hann útskrifaðist úr latínuskólanum vorið 1875, sigldi samsumars til Kaupmannahafnarháskóla og tók embættispróf í lögum 5. júní 1882. Næsta ár þar á eftir var hann í þjónustu bæjarfógetans í Reykjavík og málfutningsmaður við yfir-dóminn 23. ágúst 1886 var hann settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og fjekk veitingu fyrir henni 5. nóv. sá. En 12. júní 1899 fjekk hann laus frá embætti. Þar eftir var hann ekki í opinberri þjónustu, en vann um tíma á skrifstofu amtmanns og gerði talsvert að því, að þýða á dönsku dómsgerðir í málum, sem

skotið var til hestarjettar í Kaupmannahöfn.

Hann var kvæntur Þórunni Árnadóttur landfógeta Thorsteins-son og Soffíu Hannesdóttur kaupmanns Johnsen. Hún lifir mannsinn og fjögur börn þeirra: Arni, kaupmaður í Lübeck, Sigríður, kona Páls Einarssonar dómara, Soffía, kona Magnúsar kaupm., Kjaran, og Theódór verslunarmaður í Lübeck.

Franz Siemsen var maður trygglyndur og vinur vina sinna, áreiðanlegur í viðskiftum og heimilisfaðir hinn besti.

Hann var og maður ræðinn og skemtilegur, stundum dálítið harðskeyttur, er hann hafði orð á misfellnum, er fyrir augu hans báru. Hann var maður tóm-látur gagnvart öllum vegtyllum; mat það mest að hugsa um heimili sitt og skyldulið. Þar var hans lífsánægja.

Slíkir menn þerast ekki á, og þeirra gætir minna í þjóðfjelaginu en hinna. En þeir eru menn farsælir, því þeim gefst tækifæri til þess að finna hið varanlega holla og góða, sem lifir og dafnar innan vjebanda góðra heimila.

Verðhækkun á gúmmí

hefir verið mikil á síðustu tímum. Þegar vöruverð hækkadi sem óðast á ófriðarárunum, lækkaði verðið á gúmmí. Síðan almenn verðhækkun hætti hefir verðið á gúmmí tvöfaldast og þrefaldast.

Verðbreytingar þessar eru þannig til komnar:

Á ófriðarárunum voru gúmmígróðrarstöðvarnar auknar að miklum mun; framleiðsla gúmmis margfaldaðist og verðið lækkaði eða stóð í stað, þó vöruverð færi annars hækkandi. Verðið varð svo lágt, að til vandræða horfði fyrir framleiðsluna.

En þá var gripið til þeirra ráða að takmarka framleiðsluna, minka hana að miklum mun. Nú er verðið 7—8falt á önnu gúmmí á við það sem það var, er þar var lægst 1922. Má búast við því, að nú verði horfið að því ráði að láta af öllum framleiðsluömlum.